

## FW: Leiðarendi, erindi um aðgerðir og verndun

**Til** : Jóna Ósk Guðjónsdóttir  
**Frá** : Jóna Ósk Guðjónsdóttir  
**Heiti** : FW: Leiðarendi, erindi um aðgerðir og verndun  
**Málsnúmer** : 16011208  
**Málsaðili** : Hafnarfjarðarkaupstaður  
**Skráð dags** : 22.01.2016 15:22:41  
**Höfundur** : Jóna Ósk Guðjónsdóttir

Jóna Ósk Guðjónsdóttir  
skrifstofustjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu

Norðurhella 2 | 221 Hafnarfjörður | Sími 585 5627 | [www.hafnarfjordur.is](#)

**From:** Kormakur Hermannsson [<mailto:kommi@icelandexpeditions.is>]  
**Sent:** 18. janúar 2016 13:16  
**To:** Þormóður Sveinsson <[thormodurs@hafnarfjordur.is](mailto:thormodurs@hafnarfjordur.is)>  
**Subject:** Leiðarendi, erindi um aðgerðir og verndun

Til þeirra sem málið varðar.

Leiðarendi er fjölsóttur hraunhellir í landi Hafnarfjarðarbæjar og það eru nokkur fyrirtæki sem eru með daglegar ferðir og helgarferðir í hellinn. Iceland Expeditions er eitt þeirra en við höfum frá upphafi sett okkur mörk um fjölda gesta og eins fjölda leiðsögumanna og höfum þar að auki sinnt hreinsun á rusli úr hellinum og við nánasta umhverfi eins og hægt er. Nú er svo komið að með auknum fjölda ferðamanna fjölgar hellaförum og fyrirtæki sem hafa boðið upp á þessa þjónustu fara hvert sína leið til þess að bregðast við aukningunni. Það veldur mér því verulegum áhyggjum að sjá stöðuga afturför í ástandi hellisins og nú er svo komið að það þarf að grípa inni til að tryggja verndargildi og þá upplifun.

Hér á eftir eru þeir hlutir sem ég tel að væri mikilvægt að setja setja fram í formi skilyrða fyrir notkun á hellinum á áberandi hátt við bílastæði eða hellismunna.

### 1. Hlutfall gesta og leiðsögumanna

Þrátt fyrir að þarna komi einstaka gestir á eigin vegum þá er það samt sem áður svo að flestir koma á vegum ferðaþjónustuaðila og er það vel þar sem að þá er auðveldara að ná til gesta með fræðslu og eftirlit. Það er þó mikill munur á því hvað þessir aðilar leggja mikið uppúr þeim þætti og eins hvaða möguleika leiðsögumenn hafa til þess að ná til gestanna. Hlutfall leiðsögumanna á gesti er mjög mismunandi milli fyrirtækja eða frá **30/1 (Grayline)** og niður í **8/1** og jafnvel **6/1** að vetri til. Það segir sig sjálfst að 1 leiðsögumaður með fleiri en 10 gesti hefur litla yfirsýn yfir það sem er að gerast þar sem hellirinn rúmar sjaldnast meira en einfalda röð og þess vegna orðin talsverð fjarlægð frá fyrst manni að þeim síðasta. **National Speleological Society í USA gefur upp 4-6** sem ákjósanlega hópastærð (<http://caves.org/safety/safety.shtml#respon>) og það er engin ástæða til þess annað eigi við hér.

**2. Opinn eldur hvort sem er blys eða kerti ætti aldrei að fara inn í þessa hella.** Nú þegar er kertavax víða á hraungólfunum og það er erfitt að hreinsa. Þetta virðist haldast í hendur við Luxusferðir og ég hef alloft hirt hálfbrunnin kerti úr hellinum.

### 3. Búnaður.

a. Hjálmar og höfuðljós ættu að vera skylda. Flestir þeirra gesta sem koma í hellana eru óvanir slíku umhverfi og þeir þurfa að geta notað hendurnar til að halda jafnvægi. Við gerum kröfu um að ljós séu 150 lumen að lágmarki og það þarf jafnvel að hækka þá tölu. Við erum hvað eftir annað að hitta á fólk þarna inni sem er aðeins með síma eða jafnvel kerti. Ljós undir 150 lumen veita ekki næga birtu til þess að fólk geti forðast að eyðileggja viðkvæmar hraunmyndanir.

b. Fatnaður sem skilur eftir sig þræði af ýmsu tagi er farinn að setja mark sitt á hellinn. Þetta er sérstaklega áberandi með appelsínugulu þræðina sem liggja víðsvegar um hellinn.

c. Notið brodda - En aðeins á ís. Broddar ættu að vera skylda þegar hellisgólfid er orðið ísað við innganginn EN það ætti að fjarlægja broddana um leið og komið er yfir ísinn. Lélegir plastbroddar eiga ekkert erindi í hella. Plastsmeðlurnar detta úr teygjunni og liggja eftir á hellisgólfinu.

4. **Matur og drykkur.** Öll neysla matar í hellinum ætti að vera bönnuð.

Nú þegar hefur myndast mygla á nokkrum stöðum vegna ferða svokallaðra Luxusfyrirtækja sem bjóða upp á ýmsar kræsingar inni í hellinum. Þá hefur tyggjóklessum einnig fjölgað verulega og þar skortir annaðhvort á fræðslu eða eftirfylgni.

5. **Tilvísun í lög um verndun Hraunhella/dropasteina er alveg við hæfi.**

Ég vona og geri ráð fyrir að hvert og eitt fyrirtæki hafi mótað þær kröfur sem þeir gera til leiðsögumanna um þekkingu og hjálfun. Mér þætti samt ekkert óðelilegt að Umhverfisstofnun, Fólkvangurinn og Hafnarfjarðarbær gerðu einnig kröfur um slíkt hið sama. Því miður er ekkert formlegt nám fyrir hendi og þetta er efni sem enginn leiðsögumannaskólanna tekur fyrir. Við værum hins vegar tilbúnir að láta okkar kennsluefni og hjálfunarkröfur af hendi endurgjaldslaust til þeirra sem vilja sinna þessu. Kannski á það heima á svipuðum stað og landvarðarnám Umhverfisstofnunar? Það væri gott að fá þitt álit, viðbætur og ábendingar um það hvernig við getum ýtt þessu úr vör.

--

*Kormákur Hermannsson*

*Mobile: +354 821 2736*

*email: [kommi@icelandexpeditions.is](mailto:kommi@icelandexpeditions.is)*

**Iceland Expeditions**

**[www.icelandexpeditions.is](http://www.icelandexpeditions.is)**

**Hólmaslóð 2 101 Reykjavík**

**Phone: +354 777 0708**

**kt: 620371-0689**

**[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)**

**[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)**